

Reglugjörð

86
15. ág.

um þóknun húsaleigunefndarinnar í Reykjavík.

Samkvæmt 1. gr. bráðabirgðalaga 14. maí 1917, um húsaleigu í Reykjavík, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði um þóknun húsaleigunefndarmanna.

1. gr.

Hver nefndarmaður skal fá úr bæjarsjóði Reykjavíkur 8 króna þóknun fyrir hvern dag, er hann starfar í nefndinni.

2. gr.

Formaður nefndarinnar sendir borgarstjóra í lok hvers mánaðar skýrslu um starfsdaga nefndarinnar með reikningi yfir samanlagða þóknun nefndarmanna, ásamt sundurliðun um það, hvað hverjum nefndarmanni ber, og ávísar borgarstjóri síðan upphæðinni í heild fyrir þann mánuð til formanns nefndarinnar, en hann greiðir síðan hverjum einstökum nefndarmanni það, er honum ber.

3. gr.

Reglugjörð þessi gildir frá þeim degi, er húsaleigunefndin tók til starfa.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, er hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 15. ágúst 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.